
Fundargerð ársfundar 2025

Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands

Aðalfundur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands haldinn þann
9. maí 2025 kl. 16:00 í Landsbankanum Reykjastræti 6.

Gögn sem lágu fyrir á fundinum og höfðu jafnframt verið kynnt á heimasíðu sjóðsins:

- Ársreikningur ársins 2024

Sigurgísli Ingimarsson, formaður stjórnar sjóðsins setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann tilnefndi Börk Thoroddsen, tannlækni, í starf fundarstjóra. Ekki voru gerðar athugasemdir við þessa tilnefningu og var hún samþykkt með lófatakni. Börkur Thoroddsen tók til máls og þakkaði fundarmönnum traustið og tilnefndi Pétur Pétursson, starfsmann Landsbankans, í starf fundarritara.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar
– Sigurgísli Ingimarsson
2. Kynning ársreiknings- 2024
– Ólafur Páll Gunnarsson
3. Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt 2024
– Bjarni Guðmundsson
4. Fjárfestingarstefna 2025
– Ólafur Frímann Gunnarsson
5. Kosning stjórnar
6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins
7. Laun stjórnarmanna
8. Kjör endurskoðanda
9. Önnur mál

1. Skýrsla stjórnar

Sigurgísli Ingimarsson flutti skýrslu stjórnar:

„Fundarstjóri, sjóðfélagar og aðrir fundargestir,

Rekstrarár Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands (LTFÍ) árið 2024 var afar hagfellt og má það einkum þakka viðsnúningi á innlendum mörkuðum í lok ársins og góðri ávöxtun á erlendum mörkuðum, þar sem staða sjóðsins hefur verið aukin jafnt og þétt. Raunávöxtun beggja deilda sjóðsins þ.e. sér-eignar- og samtryggingardeildar var jákvæð um 5,9 % miðað við vísitölu neytluverðs og er það verulegur viðsnúningur frá síðasta ári þar sem ávöxtunin var aðeins jákvæð um 0,6%. Ekki verður hjá því komist að fjalla lítilliga um almennt ástand efnahagsmála hér heima fyrir og erlendis í erindi sem þessu, enda er árangur og ávöxtun lífeyrissjóða háð því að vel gangi í efnahagslífinu. Innlend verðbólga lækkaði nokkuð á árinu og reyndist ársverðbólgan 4,8% sem er þó enn nokkuð umfram markmið Seðlabanka Íslands sem er 2,5%. Innlendir hlutabréfamarkaður tók verulega við sér á árinu samhliða því að vaxtalækkunarferli Seðlabankans hófst og hækkaði úrvalsvísitala Kauphallar Íslands um 15,9%. Gengi flestra félaga hækkaði á þriðja ársfjórðungi í ljósi væntinga um frekari vaxtalækkunir, einnig hafði sameining Marel og JBT jákvæð áhrif til hækkanar á hlutabréfamarkaðnum. Stýrivextir Seðlabanka Íslands lækkuðu um 75 punkta og stóðu í 8,75% í lok ársins. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfaflokka sveiflaðist á árinu í takt við væntingar hverju sinni. Ávöxtunarkrafan, sér í lagi á skuldabréfaflokkum til skemmri tíma, lækkaði við stýri-vaxtalækkunir Seðlabankans á árinu en krafan hækkaði á ný þegar ljóst varð að verðbólgan myndi ganga hægar niður en væntingar stóðu til. Ávöxtun ársins var jákvæð á óverðtryggðum skuldabréfum og hækkaði óverðtryggða verðvísitalan til 5 ára um 6,6% og til 10 ára um 6,2%. Markaðsaðstæður höfðu einnig áhrif á þróun ávöxtunarkröfu verðtryggðra ríkisbréfa á árinu, þó að sveiflunar hafi að jafnaði verið minni en á óverðtryggðum bréfum. Há verðbólga á árinu vann að auki með ávöxtun verðtryggðra bréfa. Ávöxtun var því heldur jákvæðari af verðtryggðum skuldabréfum og hækkaði verðtryggða vísitalan til 5 ára um 6,9% og til 10 ára um 7,1%. Vísitala neytluverðs hækkaði hins vegar um 4,8% á árinu og skiludu því innlend skuldabréf jákvæðri raunávöxtun á árinu. Hins vegar kemur fram í fjármálaáætlun nýrrar ríkisstjórnar að lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs til 2028 er verulega neikvæður

sem eykur útgáfuþörf ríkissjóðs og fram undan eru stórir gjalddagar á skuldabréfum. Á skuldabréfamarkaði á nýju ári munu því togast á tveir kraftar; annars vegar vaxtalækkunir Seðlabankans og hins vegar útgáfuþörf ríkissjóðs. Skuldahlutfall íslenskra heimila hélt áfram að lækka á árinu og er lágt bæði í sögulegu og alþjóðlegu samhengi. Á sama tíma jókst sparnaður þeirra verulega á óbundnum innlánsreikningum og hefur ekki verið hærri frá árslokum 2023. Ekki er ólíklegt að tilflutningur á þessum sparnaði verði yfir í hlutabréf eða hlutabréfasjóði sem gæti haft verulega jákvæð áhrif á innlandan hlutabréfamarkað. Hrein erlend eignastaða þjóðarbúsins í lok síðasta árs nam 41% af vergri landsframleiðslu og hefur þjóðarþúfið ekki staðið betur hvað það varðar frá árslokum 2021. Ávöxtun á erlendum mörkuðum var afar góð á árinu og þá sérstaklega bandaríska markaðnum sem kom lífeyrissjóðnum til góða þar eð stefna okkar hefur verið sú að auka erlenda eign jafnt og þétt og þá einkum í Bandaríkjunum. Allir helstu markaðir þar hækkuðu verulega. Þannig hækkaði S&P 500 um 23,3%, Nasdaq 100 um tæp 25% og Dow Jones um 12,8%. MSCI World Index hækkaði um 17% og þýzki Dax Index um tæp 19%. Af Asíumörkuðum var það helzt að fréttu að kínverski Hang Seng Index sneri við fjögurra ára niðursveiflu og hækkaði um 17,6% og Nikkei 225 hækkaði um 19,2%. Vert er að nefna í þessu sambandi að erlendar eignir LTFÍ hafa hækkað jafnt og þétt á undanförunum árum og eru þær nú um 45% af eignasafninu og stefnt að því auka þær enn frekar og þá með sérstakri áherslu á að stærstur hluti þessara eigna verði á bandarískum verðbréfamarkaði af skiljanlegum ástæðum. Læt ég þar með lokið hugleiðingum mínum um ástand efnahagsmála á síðasta ári. Íslenska lífeyriskerfið er afar öflugt, raðar sér í fremstu röð í alþjóðlegum samanburði sem er afar gott og fær umsögnina fyrsta flokks lífeyriskerfi sem tryggir góð réttindi, er sjálfbært og nýtur mikils trausts. Á sama tíma stendur það frammi fyrir miklum áskorunum þar eð samsetning þjóðarinnar er að breytast og það býsna hratt. Lífeyrisþegum fjölgar en á sama tíma fækkar einstaklingum á vinnualdri fyrir hvern lífeyrisþega. Öryrkjum mun einnig fjölga hlutfallslega tímabundið vegna breyttrar aldurssamsetningar þjóðarinnar, öfugt við flest önnur lönd Evrópu mun þetta ekki hafa neikvæð áhrif á hagkerfið heldur trúlega jákvæð þar eð íslenska lífeyriskerfið byggir á því að hver og ein kynslóð safnar í eigin sjóð en

ekki gegnumstreymiskerfi, líkt og í flestum Evrópu- löndum, þar sem yngri kynslóðir og skattgreiðendur bera kerfin uppi. Þannig mun kostnaður íslenska ríkisins vegna ellilífeyris almannatrygginga minnka mikið á næstu árum og áratugum, jafnframt því sem greiðslur úr lífeyrissjóðum aukast. Ef allir fengju fullan lífeyri frá almannatryggingum væru útgjöld ríkisins 80 til 100 milljörðum króna meiri en nú er. Það er því ekki ofsögum sagt að almenna lífeyrissjóðakerfið sé dyrmætasta eign þjóðarinnar. Nú og á næstu árum hefja stórir hópar töku lífeyris úr almenna lífeyriskerfinu sem munu njóta riflegs lífeyris. Með vaxandi lífaldri og betri heilsu er þetta enn ein áskorunin sem lífeyrissjóðirnir munu standa frammi fyrir. Þannig munu nú 74 ára einstaklingar að meðaltali, eiga jafnmörg ár ólífud og 70 ára einstaklingur fyrir hálfri öld. Eftir hálfu öld eru líkur á að 78 ára einstaklingar eigi jafnmörg ár ólífud og 70 ára áttu árið 1970. Þetta mun hafa margvísleg jákvæð efnahagsleg áhrif eins og aukna eftirspurn eftir íbúðum og ýmiss konar þjónustu sem hentar þessum aldurshópi. Þar má t.d. nefna menningu, þjónustu veitinga- og gististaða, ferðaþjónustu o.s.frv., enda hefur þessi hópur mun rýmri fjárráð en þeir sem yngri eru.

Rekstri sjóðsins er sem fyrr útvistað til Landsbankans og stjórn sjóðsins fundaði reglulega árinu samkvæmt fundaráætlun með framkvæmdastjóra, fjárfestingastjóra og áhættustjóra sjóðsins. Á milli reglubundinna funda átti formaður stjórnar fundi með framkvæmdastjóra sjóðsins um mál sem upp komu milli reglubundinna funda stjórnar LTFÍ. Eins og undangengin ár starfaði stjórn LTFÍ samkvæmt varfærinni stefnu í fjárfestingum okkar á síðastliðnu ári. Í lok ársins lagði stjórn og rekstraraðili Lífeyrissjóðs Tannlækna ítarlega vinnu í mótun fjárfestingarstefnu sjóðsins fyrir árið 2025. Þar var, eins og áður sagði, lögð áhersla á að auka verulega vægi erlendra fjárfestinga. Dregið var úr vægi innlendra hlutabréfa á sama tíma. Viðhaldið verður sem fyrr vægi ríkisskuldabréfa og skuldabréfa traustra fyrirtækja. Markmiðið er að dreifa áhættunni á þann veg að lækkun í einum flokki eigna eða ákveðinni tegund eigna vinnist að hluta upp í hækkun af öðrum eignum og dragi þannig úr sveiflum á ávöxtun heildareignasafns sjóðsins. Áfram er lögð áhersla á seljanleika eigna sjóðsins á ásættanlegu verðbili. Þannig voru um um 85% eigna séreignardeildar seljanlegar innan viku á ásættanlegu verðbili í lok árs 2024. Með þessu er sjóðurinn á hverjum tíma

vel í stakk búinn til að mæta skyndilegu útstreymi úr séreignadeild hans. Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands er að stærstum hluta séreignarsjóður og geta sjóðfélagar valið fjórar leiðir við öflun lífeyrisréttinda og lágmarkstryggingaverndar. Stjórn sjóðsins hélt á árinu kynningu á sjóðnum fyrir tannlæknanema í húsakynnum Landsbankans. Þetta er liður í því að auka nýgengi inn í sjóðinn. Þessi kynning tókst afar vel og áhugi unga fólksins á lífeyrismálum var mikill og sköpuðust líflegar umræður. Mæting á þessa kynningu var afar góð og óskuðu þau öll eftir að fá að ganga í sjóðinn. Lífeyrissjóður Tannlækna stendur vel en tryggingafræðileg staða hans batnaði verulega milli ára vegna góðrar ávöxtunar og er örorkubyrði hans afar lág og sú allra minnsta innan almenna lífeyriskerfisins en Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins mun fara nánar yfir þau mál og áorðnar breytingar hér á eftir. Við skulum hafa það hugfast þegar rætt er um tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða að þá er verið að ræða um skuldbindingar er lúta að samtryggingadeildum lífeyrissjóða. Lífeyrissjóður Tannlækna er jú að langstærstum hluta séreignarsjóður þar sem inneign sjóðfélagans er að fullu erfanleg. Þannig snertir tryggingafræðileg staða sjóðfélaga í LTFÍ frekar lítið. Það er engu að síður mikilvægt að hún sé í jafnvægi.

Eins og áður sagði þá er rekstri LTFÍ útvistað til Landsbankans og hefur það samstarf gengið hnökralaust og í raun afar vel. Ég vil benda sjóðfélögum á að kynna sér afar góða heimasíðu sjóðsins á vefslóðinni www.landsbankinn.is/ltfi. Þar má finna reiknivél þar sem reikna má út lífeyrisparnað, bæði skyldulífeyri og séreignarsparnað á einfaldan hátt. Ég hvet alla sjóðfélaga til að nýta sér þessar nýjungar og geta með þeim hætti gert framtíðaráætlanir varðandi lífeyrissparnað sinn.

Endurskoðunarnefnd LTFÍ starfaði á síðasta ári samkvæmt skipunarbréfi. Nefndarmenn hennar, skipaðir af stjórn LTFÍ voru Gísli Vilhjálmsson og Þórólfur Ólafsson tannlæknar og Jóni Gunnsteinn Hjálmarsson löggiltur endurskoðandi. Hlutverk nefndarinnar er sem fyrr að hafa eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila svo og virkni innra eftirlits og áhættustýringu. Enn fremur hefur nefndin eftirlit með endurskoðun ársreiknings, mat á óhæði endurskoðanda svo og að koma með tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda til næsta árs. Ég vil þakka þeim fyrir góð og vel unnin störf.

Samskipti Lífeyrissjóðs Tannlækna við viðeigandi eftirlitsaðila voru með allra bezta móti á síðasta ári og komu ekki upp nein mál sem ekki tókst að leysa með viðunandi hætti fyrir báða aðila. Hitt ber þó að nefna að það er skoðun stjórnar sjóðsins að regluverk „Eftirlitsiðnaðarins“ vaxi hröðum skrefum og of mikill tími fari í að bregðast við erindum hans í stað þess að sinna lögbundnum verkefnum sínum, það er að taka á móti iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau með sem allra beztum hætti og greiða út lífeyri. Eins og áður sagði kallar þetta á mikla vinnu og talsverðan kostnað við að fylla út skýrslur sem oft á tíðum eru óþarfar, bæði fyrir okkur og Seðlabankann sem er móttakandi alls þessa. Mikið af þessu skýrslufargani hefur verið komið á vegna innleiðingu á evrópsku regluverki. Það sem verra er er að íslensk stjórnvöld hafa við þessa innleiðingu sett á séríslenskar reglur samhliða og ganga þannig mun lengra en evrópska regluverkið segir til um og verður þá til sannkölluð gullhúðun á öllu farganinu. Það er löngu orðið tímabært að spyrna hér við fótum og bregðast við til að velja þessu oki af herðum okkar því að á endanum fellur þessi kostnaður á sjóðfélagana í formi lakari ávöxtunar á lífeyri þeirra. Í þessu sambandi má nefna að á síðastliðnum fimm árum voru virkjaðar 3500 reglugerðir í Bandaríkjunum í þessa veru, meðan á sama tíma voru teknar upp 13000 sambærilegar reglur innan Evrópusambandsins. Það er því ekki nema von að þeir fyrir vestan segi að á meðan Bandaríkin skapi þá setji Evrópusambandið reglugerðir. Annað

er það sem ég hef lengi verið huginn yfir, er rekstrar-kostnaður lífeyrissjóða almennt. Það er mín skoðun að hér séu fjármálafyrirtækin, sem taka að sér rekstur sjóðanna, fullfrek til fjárins. Hér er einnig verið að krefja sjóðina um alltof háar þóknarir fyrir vinnu sem virðist að unnin sé á einfaldan hátt og oft á tíðum vinnu sem er sú sama fyrir allnokkra sjóði í útvistun hjá sömu fjármálastofnun. Hér held ég að stjórnir viðkomandi sjóða láti reka á reiðanum og fljóti sofandi að feigðarósi. Því tel ég að umræða þar að lútandi sé löngu orðin tímabær á vettvangi hagsmunasamtaka þeirra þ.e. hjá Landssamtökum Lífeyrissjóða.

Það eru núna tímamót hjá sjóðnum en hún Margrét Helgadóttir hefur ákveðið að sækjast ekki eftir endurkjöri til stjórnarsetu. Ég vil því nota þetta tækifæri til að þakka henni fyrir afar góð störf innan stjórnar. Hennar verður sárt saknað á okkar vettvangi og vil ég óska henni velfarnaðar í hverju því sem hún kys að taka sér fyrir hendur.

Að þessu sögðu vil ég þakka öllum félögum mínum í stjórn fyrir afar ánægjulegt og árangursríkt samstarf á síðasta ári svo og ágætu starfsfólki Landsbankans. Einnig vil ég þakka sérstaklega Ólafi Páli Gunnarssyni framkvæmdastjóra LTFÍ. Ég horfi því sem fyrr björtum augum fram á veginn og vona að næsta rekstrarár verði LTFÍ hagfellt og þakka fyrir mig.

Lifið heil.“

2. Ársreikningur 2024

Fundarstjóri gaf því næst Ólafi Páli Gunnarssyni orðið og gerði hann grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2024. Ársreikningur var lagður fram á fundinum. Ársreikningurinn var staðfestur af stjórn og framkvæmdastjóra og áritaður af endurskoðanda sjóðsins þann 29. apríl 2025. Ólafur fór yfir lykil-

tölur í ársreikningnum. Ársreikningur Lífeyrissjóðs Tannlæknafélags Íslands er birtur í einu lagi bæði séreigna- og samtryggingardeild. Ársreikninginn ásamt skýringum má nálgast á heimasíðu sjóðsins.

3. Tryggingafræðileg úttekt 2024

Bjarni Guðmundsson tryggingarstærðfræðingur lífeyrissjóðsins gerði grein fyrir tryggingafræðilegri úttekt sjóðsins á árinu 2024. Í máli hans kom fram að í forsendum útreikninga á tryggingafræðilegri stöðu væru nýjar hjúskapar- og barneignalíkur en frjósemi greiðenda í lífeyrissjóði hefur minnkað á undanförunum áratugum. Einnig eru nýjar örorkulíkur sem lækkar mat á skuldbindingum lífeyrissjóðsins. Samkvæmt útreikningum Bjarna voru heildareignir samtryggingadeildar 3,8% lægri en heildarskuldbindingar deildarinnar. Áfallin staða var neikvæð um 234,5 m.kr. eða sem nemur -7,5% af áfallinni skuldbindingu og framtíðarskuldbinding var 16,4 m.kr. lægri en núvirdi framtíðariðgjalda

(eignaliður) eða sem nemur 0,6%. Heildarstaðan er því innan marka laga um lífeyrissjóði. Í lok árs 2023 hafði lífeyrissjóðurinn verið með stöðu umfram -5% en á árinu 2024 batnaði staðan töluvert, bæði vegna góðrar ávöxtunar (80 m.kr.) og breytinga á forsendum (ca. 100 m.kr., áfallið og framtíð). Það sem getur bætt stöðu lífeyrissjóðsins er hærri ávöxtun og aukning á innstreymi iðgjalda. Búast má við að mat á kostnaði hækki á næsta ári miðað við nýjan rekstrarsamning þar sem í útreikningum er reiknað meðaltal kostnaðar síðustu þriggja ára. Greiðslur lífeyris eru óverulegar, svo tímasetning hugsanlegrar réttindalækkunar skiptir litlu máli.

4. Fjárfestingarstefna 2025

Fundarstjóri gaf Ólafi Frímanni Gunnarssyni orðið og hann fór yfir fjárfestingarstefnu ársins 2025. Fjárfestingarstefnan var samþykkt af stjórn sjóðsins þann 28. nóvember 2024 og má hana finna á heimasíðu sjóðsins. Af eignum séreignardeildar eru 44,0% frjáls séreign í eigu sjóðfélaga sem hafa náð 60 ára aldri og þarf því stórt hlutfall af eignum sjóðsins að vera í eignum sem teljast seljanlegar, þ.e. að hægt sé að selja eignirnar á ásættanlegu verðbili á tiltölulega skömmum tíma. Yfir 84% af eignum sjóðsins teljast til seljanlegra eigna. Þær breytingar sem voru gerðar á fjárfestingarstefnunni á milli ára voru: (1) hlutfall erlendra skuldabréfa lækkað úr 5% í 0%, (2) hlutfall erlendra hlutabréfa hækkað úr 40% í 45% og (3) hámarksfjárfesting í erlendum gjaldmiðlum hækkað úr 51,5% í 53,0%.

Eftir umfjöllun um fjárfestingarstefnuna fór Ólafur Frímanni yfir þróun verðbréfamarkaða á árinu 2024. Hann byrjaði á því að segja frá innlendum skuldabréfamarkaði en skuldabréfavísitala kauphallarinnar hækkaði um 7,3% á árinu. Hann fjallaði síðan um innlendan hlutabréfamarkað en nokkuð var um sveiflur á gengi félaga á árinu 2024. Markaðurinn tók þó við sér á síðustu mánuðum ársins og hækkaði heildarvísitala íslenskra hlutabréfa, OMXIPI, um 12,5% á árinu. Að lokum sagði Ólafur þróun erlendra hlutabréfa en góð ávöxtun var á þeim á árinu 2024. Heimsvísitala hlutabréfa (MSCI ACWI) hækkaði um 17% í dollar en íslenska krónan styrkist á

móti dollar um 1,5% og lækkaði árshækkun vísitölnunnar sem því nam.

Fundarstjóri sagði orðið laust ef einhver fundarmanna vildi gera athugasemd við fyrstu fjóra liðina á dagskrá fundarins.

Fundarstjóri opnaði fyrir umræður og fyrirspurnir vegna dagskrárliða nr. 1 til 4.

Hallur Halldórsson spurdist fyrir um það hvort eitthvað hefði verið rætt um sameiningu við annan lífeyrissjóð. Sigurgísli Ingimarsson svaraði því að ýmsar vendingar hefðu orðið, örorkusamkomulagi var sagt upp ásamt því að framkvæmdastjóri sjóðsins hefði sagt starfi sínu lausu. Á undanförunum mánuðum hefði verið vinna í gangi og ekki væri hægt að ræða það frekar að sinni þar sem málið væri á viðkvæmu stigi en það myndi skýrast á komandi mánuðum. Elín Svarrer Wang spurði hversu margir sjóðfélagar væru í sjóðnum og hversu margir væru að taka út lífeyri. Ólafur Páll Gunnarsson svaraði því að sjóðfélagar væru yfir 400 en fundarritari fletti upp í ársreikningi lífeyrissjóðsins fjölda lífeyrisþega og væru þeir í 115 í séreignardeild og 41 í samtryggingardeild.

5. Kosning stjórnarmanna

Kjósa þurfti tvo stjórnarmenn til þriggja ára. Fyrir fundinn höfðu borist framboð frá Sæmundi Pálssyni til áframhaldandi stjórnarsetu og Valdísi Marselíu

Pórðardóttur. Engin fleiri framboð bárust á fundinum og voru þau Sæmundur og Valdís Marselía því sjálfkjörin í stjórn sjóðsins.

6. Tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins

Tvær tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins voru lagðar fyrir ársfundinn. Breytingar eru rauðlitaðar og með yfirstrikun ef orðum/setningum er skipt út.

Grein 11.6

Örorkuna skal meta eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti eða oftari ef óskir þess efnis liggja fyrir af hálfu sjóðstjórnar eða af hálfu örorkulífeyrisþegans. Ekki er skylt að fara fram á endurmat sé örorka metin varanleg. Stjórn sjóðsins skal lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti. Sömuleiðis ber henni að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því sem hún var metin við fyrri ákvarðanir

Skýring á breytingu á grein 11.6

Í grein 11.6 kemur fram að örorkumat skuli fara fram eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti eða oftari ef óskir þess efnis liggja fyrir af hálfu stjórnar sjóðsins eða af hálfu örorkulífeyrisþega. Samkvæmt verklagi hjá sjóðnum hefur ekki verið farið fram á endurmat ef trúnaðarlæknir hefur metið örorku varanlega. Í öðrum tilvikum er miðað við dagsetningu endurmat samkvæmt úrskurði trúnaðarlæknis. Til að samræma samþykktir við verklag og til að draga úr rekstrar- og hlítningaráhættu er lögð til sú breyting á samþykktum að fara ekki fram á endurmat í þeim tilvikum þegar örorka hefur verið metin varanleg.

Grein 10.1

Mánaðarlegur ellilífeyrir er greiddur frá 70 ára aldri til æviloka. Hafi sjóðfélagi valið leið II, III eða IV sbr. grein 8.2 hefjast greiðslur úr sameign síðar sbr. grein 8.2. Þó ekki fyrir en greiðslum úr bundinni séreign lýkur. Réttindaöflun ræðst af innborguðu iðgjaldi, aldri sjóðfélaga við greiðslu iðgjalds og upphafi lífeyrisgreiðslna sbr. meðfylgjandi réttinda-töflur.

Skýring á breytingu á grein 10.1

Í grein 10. kemur fram að hafi sjóðfélagi valið leið II-IV (sbr. gr. 8.2) hefjast greiðslur úr samtryggingu þó ekki fyrir en greiðslum úr bundinni séreign lýkur. Í úttekt Innri endurskoðunar kom í ljós að einn sjóðfélagi sem uppfyllti aldursviðmið um greiðslu sameignar viðkomandi brauta fékk bæði greiðslur úr sameign og bundinni séreign sem stangast á við 10. grein samþykta sjóðsins. Fyrir liggur tiltekin rekstrar- og orðsporsáhætta ef ekki er skýrt hvernig útgreiðslum úr sameign skuli háttað fyrir leiðir II-IV. Þá er ekki samræmi á milli verklags og samþykta sjóðsins. Ekki verður séð að það raski hagsmunum sjóðsins eða einstakra sjóðfélaga að heimila úttekt úr sameign þótt sjóðfélagi eigi enn inneign í bundinni séreign.

Fundarstjóri byrjaði á því að leggja breytingar á grein 11.6 til samþykktar með handauppréttingu. Breytingarnar voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

Fundarstjóri lagði síðan breytingar á grein 10.1 til samþykktar með handauppréttingu. Breytingarnar voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

7. Ákvörðun um laun stjórnar

Formaður stjórnar fékk orðið og gerði grein fyrir tillögu stjórnar um þóknun til stjórnarmanna.

Samkvæmt henni skyldu stjórnarlaun hækka um 7% á milli ára sem er í takt við hækkun launavísitölu. Stjórn LTFÍ lagði til að stjórnarlaun verði kr.

52.100 á mánuði, fimmfalt fyrir stjórnarformann eða kr. 260.500 og tvöfalt fyrir varaformann eða kr. 104.200. Fundarstjóri bar tillöguna undir fundarmenn með handauppréttingu. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

8. Kjör endurskoðanda

Tillaga stjórnar að endurskoðanda sjóðsins árið 2025 var svohljóðandi: Rýni endurskoðun - Baker Tilly, Síðumúla 23. Fundarstjóri bar tillöguna undir

fundarmenn með handauppréttingu. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

9. Önnur mál löglega borin fram

Sigurgísli Ingimarsson afhenti Margréti Helgadóttur kveðjugjöf þar sem hún væri að hætta í stjórn sjóðsins og þakkaði henni fyrir vel unnin störf í gegnum árin.

Engin önnur mál voru borin fram á fundinum.

Fundi slitið kl. 17:14.

Á fundinn voru mættir 8 sjóðfélagar sem fara samtals með 4,85% af atkvæðarétti.

